ÁLFHÓLSSKÓLI

# Skólanámskrá Álfhólsskóla

## Íslenska sem annað mál

# Efnisyfirlit

Íslenska sem annað mál ....... 3
Nám í Alþjóðaveri á yngsta stigi ....... 7
Nám í Alþjóðavera á mið- og elsta stigi ....... 17

# Íslenska sem annað mál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi. Þeir hafa einnig verið mislengi á Íslandi og fengið ólík tækifæri til að kynnast íslenskri tungu. Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er því ekki einungis tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfa nemendur í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Þau fela í sér að nýja tungumálið sé lykill að íslensku, og verði þannig brúarsmíði að lýðræðislegu samfélagi, íslensku skólastarfi, íslensku atvinnuumhverfi og brúi þar af leiðandi ólíka menningarheima.

Þegar foreldrar óska eftir skólavist fyrir barn sitt í Alþjóðaveri skólans er viðkomandi boðaður í viðtal til viðkomandi kennara og fenginn er utanaðkomandi túlkur til viðtalsins. Eftir innritun er deildarstjóra Alþjóðanámsvers gert grein fyrir ósk foreldra sem síðan kemur upplýsigum um inntöku nemandans á Nemendaráðsfundi skólans.

### Innritun

Ákveðinn er tími fyrir fyrsta móttökuviðtal. Fyrsti fundur fer fram með foreldrum/ forráðamönnum og nemanda ásamt túlki (sjá ferilblað um móttöku nemenda af erlendum uppruna). Móttakan fer eftir því hvort nemandinn er að fara í yngri deildina eða eldri deildina, hverjir eru kallaði í viðtal í teyminu.

### Undirbúningur viðtals

- Skólastjórnendur velja umsjónarbekk fyrir nemandann.
- Umsjónarkennara tilkynnt um væntanlegan nemanda hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtalið fer fram.
- Umsjónarkennarinn undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda. Deildarstjóri viðkomandi stigs tilkynnir jafnfram öðrum kennurum um komu nemandans í skólann og í hvaða bekk hann fer. Einnig fer kennari úr Alþjóðanámsveri yfir stöðu nemandans út frá menningarlegum forsendum hans.
- Tekið er saman fyrir viðtal innritunarblað , skólareglur, innkaupalisti, stundaskrá bekkjar, upplýsingar um Dægradvöl fyrir 1. -4.bekk, upplýsingar um félagsstarf skólans, nestismál og upplýsingar um mötuneyti, dægradvöl og skráningu í þau gegnum Íbúagátt Kópavogsbæjar.

**Móttökuviðtal**

Móttökuviðtalið sitja foreldrar/forráðmenn, nemandi, túlkur og viðkomandi kennari sem tekur við móttöku barnsins. Ávalt skal kalla til túlk fyrir móttökuviðtal (sjá hverjir mæta í viðtalið, ferilblað um móttöku í Alþjóðanámsver). Hér er mikilvægt að skyldmenni eða vinir sitji ekki viðtalið jafnfram skal kallað á túlk þó annað foreldri nemandans sé íslenskur.

- Afhent er innritunareyðublað sem foreldrar fylla út með aðstoð túlks.
- Óskað er eftir bakgrunnsupplýsingum um nemandann ef mögulegt er.
- Athuga hvort læknisskoðun hafi farið fram þar sem nemandanum er ekki heimilt að hefja skólagöngu nema að undangenginni læknisskoðun.
- Gerð er einstaklingsáætlun ef þarf, kennarar deildarinnar og umsjónarkennari nemandans sjá um þann þátt þar sem fram kemur hvenær nemandinn er með bekknum og hvenær hann er í Alþjóðanámsveri einnig hvaða áherslur eru teknar varðandi íslensku sem annað mál.
- Ákveðin er fundartími eftir fjórar vikur og er þá staða nemandans skoðuð með tilliti til líðan og hvernig áframhaldið er hugsað hvað varðar kennslutilhögun nemandans.

**Foreldrasamstarf**

Áhersla er lögð á að hafa mikið og gott samstarf við foreldra  og eru þeir hvattir til að heimsækja deildina eins  oft og þeir óska . Oft eru foreldrar yngri nemendanna daglega í heimsókn þar sem þeir eru þá að sækja nemendur í skólann og geta rætt við kennara um stöðu mála ef þeir óska svo.

Deildarstjóri fundar reglulega  með kennurum deildarinnar og  er þá lögð áhersla á mikilvægi góðra samskipta. Kennarar deildarinnar sem eru af erlendu bergi brotnir eru tengiliðir við  viðkomandi foreldra  eru  þeir þá í sambandi við foreldra  sem tala viðkomandi tungumál. Allar upplýsingar eru gefnar á tungumáli viðkomandi  ýmist  með símtali eða  í rituðum skilaboðum. Reynt er að koma öllum skilaboðum til foreldra á þeirra eigin  móðurmáli.

**Móðurmál**

Mikilvægt er að nemendur haldi móðurmáli sínu. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Þeir koma í skólann með mismikla undirstöðu í sínu eigin móðurmáli, læsi og námi og eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við almennt nám svo og íslensku sem annað mál.

Með móðurmálskennslu er verið að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í seinni málum.

Gott vald á eigin móðurmáli er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sé nýja tungumálið af öryggi. Foreldrar eru hvattir til að vinna með barninu á móðurmáli sínu kenna barninu að lesa á því m.a. með því að afla lestrarbóka, myndbanda og tónlistar svo eitthvað sé nefnt.

**Móðurmál og brúarsmíði í hnotskurn:**

- Barn sem elst upp við tvö tungumál lærir fljótt talmál meirihlutans
- Tungumálið sjálft er grundvöllur gerða og hugsana (Vygotsky, Dewey)
- Tungumál, menning og nám eru órjúfanlega tengd
- Öll börn ættu því að hafa mannréttindi til að fá að læra og viðhalda móðurmáli sínu
- Móðurmálið er grundvöllur frekara náms hugsana og félagsmótunar
- Mikilvægt að nemendur geti tjáð sig á sínu móðurmáli
- Tvítyngdir kennarar
- Kennsla í nýja málinu og á móðurmálinu
- Samþætting og yfirfærsla

**Menningaráfall**

Mikið áfall getur fylgt því að flytjast á milli landa og menningarheima. Því fylgir streita þar sem fólk veit ekki hvernig það á að hegða sér i nýju landi. Það þarf að takast á við nýjar aðstæður og getur ekki nýtt sér þekkingu sína. Mikilvægt er að allir aðilar innan skólanna skilji eðli menningaráfalls svo þeir bregðist rétt við. Mikið tilfinningalegt uppnám við flutninga getur verið nemendum óbærilegt. Það er erfitt að vera í framandi landi og kunna ekki málið, nemendur upplifa einnig vanmátt foreldra sinna til að aðstoða þá.

Í nýju landi eru samskiptareglur oft ólíkar því sem þau eiga að venjast og verða nemendur ráðvilltir vegna þess sem kemur þeim fyrir sjónir í íslenskum grunnskólum. Þess vegna er mikilvægt að koma góðum upplýsingum um skólann, skólakerfið og samskiptahætti innan skólans til nemenda og foreldra strax við fyrsta viðtal. Starfsfólk skólans þarf að sýna mikinn skilning og þolinmæði og gefa sér tíma til að útskýra einfalda hluti. Víða erlendis tíðkast ekki að fara út í frímínútur eins og hérlendis. Sama má segja um skólaíþróttir og þá reglu að fara í sturtu. Það að fara í sturtu fyrir og eftir sund getur valdið miklum vanda auk þess að flestir nemendur sem flytjast til landsins hafa ekki fengið markvissa kennslu í sundi. Þá þarf skólinn að vera í góðum samskiptum við foreldra svo útskýra megi eða finna lausn á vandanum svo báðir aðilar verði sáttir.

**Menningaráfall hefur verið greint í fimm stig:**

- Fyrsta stigið sem oft er kallað hveitibrauðsdagar einkennist af spennandi tíma og væntingum til nýja landsins.
- Annað stigið er hið raunverulega áfall. Það einkennist af almennri vanlíðan, kjarkmissi og brotinni sjálfsmynd. Þá sýnir fólk gjarnan fjandsamlega afstöðu gagnvart gestgjafalandinu.
- Þriðja stigið einkennist af því að fólk hellir sér í nýja lifnaðarhætti. Samskipti við innfædda nást og þekking á nýrri menningu eykst.
- Fjórða stigið er einskonar lokastig aðlögunarinnar. Einkennist þetta stig af aðlögun og fullri þátttöku í nýju samfélagi.
- Fimmta stigið hefur örlítið aðra hlið. Það fylgir því ef fólk flytur aftur til heimalands síns. Það getur kallað fram annarskonar menningaráfall eða endurkomuáfall sem er afleiðing af því að viðkomandi hefur verið lengi í burtu frá heimalandi sínu.

**Samfélagsaðlögun**

Gagnkvæm aðlögun byggir á því að aðlaga fjölskyldur innflytjenda að samfélaginu og gera þá að virkum einstaklingum. Með þátttöku foreldra af erlendum uppruna í foreldrastarfi grunnskólanna má opna hug allra aðila sem að skólastarfinu koma. Bæði upplýsa erlendu foreldrana um skólastarfið og réttindi barna sem og upplýsa aðra um stöðu innflytjenda.

Mikið og gott tómstundarstarf er í boði í Kópavogi, bæði hjá íþróttafélögunum, Tónlistarskóla, Myndlistarskóla og Skólahljómsveit Kópavogs en einnig er vel skipulagt félagstarf fyrir börn og unglinga á vegum félagsmiðstöðvarinnar Pegasus, einnig er Rauði Krossinn virkur í tómstundastarfi nemenda af erlendum uppruna. Æskilegt er að nemendum sé kynnt það starf sem í boði er. Með þátttöku í tómstunda og félagstarfi ná nemendur að eignast vini utan skólans og aðlagast fyrr að samfélaginu.

Gott er að kennari nemenda í íslensku sem öðru tungumáli kynni sér framboðið og hvar áhugasvið nemenda liggur. Einnig þarf að kynna unglingum það félagstarf sem fer fram bæði í skólanum og í félagsmiðstöðinni .

# Nám í Alþjóðaveri á yngsta stigi

Miðað er við að nemendur séu 15-20 kennslustundir á viku í Alþjóðaveri, aðra tíma svo sem íþróttir, sund, allar verkgreinar og stærðfræði (ef það kemur í ljós að viðkomandi hefur góð tök á greininni) sækja þeir með bekknum.

Dvöl nemenda í Alþjóðaveri fer eftir því hvar þeir eru staddir. Markmið deildarinnar er að unnin sé einstaklingsáætlun fyrir alla nemendur sem stunda nám í deildinni. Gengið er út frá námslegri getu og færni hvers og eins ásamt menningarlegum bakgrunni sem hefur einnig að segja um færni og getu nemandans til að takast á við nýja málið sem er oft og tíðum erfitt í byrjun sérstaklega ef nemendur eru ekki læsir á móðurmálinu. Símat er í gangi þar sem staða er tekin jöfnum höndum og gerð ný áætlun ef þurfa þykir.

Eftir því sem nemandanum fer fram í málinum fara þeir inn í vissa tíma í umsjónarbekknum allt í samráði við bekkjarkennarann og viðkomandi kennara í Alþjóðanámsveri. Kennslan í Alþjóðaveri miðast að því að smátt og smátt fara því nemendurnir meira og meira inní bekkinn en þó er lögð áhersla á íslensku kennslu sem kennd er út frá íslensku sem öðru máli. Sú kennsla er oft með brúarsmiðina að leiðarljósi þar sem íslenskan er oft skýrð nánar á móðurmáli nemandans ef kennari hefur tök á því. Þessi þáttur er mjög mikilvægur og mikilvægt að hann sé rétt skilinn þar sem bakgrunnur til málanáms er mjög mismikill og getan einnig. Nemendur eru oft komir í alla tíma með bekknum nema í 7 - 10 tíma í íslenskunámi.

Deildarstjóri Alþjóðanámsvers og kennarar deildarinnar fylgjast með framförum nemenda og ákveða með hliðsjón af mati og í samráði við foreldra /umsjónarkennara hvenær námi í Alþjóðanámsveri lýkur.

**Helstu kennsluaðferðir og leiðir í kennslunni.**
Fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skal beitt við kennslu í íslensku sem öðru máli. Með því er sem best komið til móts við fjölbreyttan nemendahóp færni þeirra og getu. Til dæmis má nefna einstaklings- og paravinnu, leiki, hópvinnu, vettvangsferðir, i pad notkun, vendikennslu o.fl.

**Námsmat og námsmatsaðlögun:**
Kennarar meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang og aðferðir við matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu eins og lagt hefur verið upp með í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda. Námsmat getur t.d. byggst á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra (verkefnamöppu)
- frammistöðu í kennslustundum og árangri á hlutaprófum

- munnlegum verkefnum jafnt út frá íslenskunni og móðurmáli
- skriflegu lokaprófi þar sem við á
- dagbókarskrifum
- frammistöðumati
- sjálfsmati

Tvítyngdir nemendur og námsmat í öllum námsgreinum:

- Nota á fjölbreytt námsmat til að koma á móts við getu hvers nemanda
- Eðlilegt er að nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu fái lengri tíma til að leysa prófverkefni
- Stundum er nauðsynlegt að leyfa notkun orðabóka eða orðalista í prófum
- Gera skal skýran greinarmun á kunnáttu í íslensku og kunnáttu í námsgreinum og gæti því þurft að laga prófspurningar og leiðbeiningar að íslenskukunnáttu nemenda eða skýra þær sérstaklega í prófum, jafnvel myndrænt
- Stundum er nauðsynlegt að nemandinn fái aðstoð við lestur á spurningum
- Gott er að leyfa nemendum að taka munnlegt próf, ef við á má nota móðurmálið til að koma þekkingu og færni á framfæri

**Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál**

Viðmiðin eru sett fram í töflum og hafa verið byggð m.a. á þrepum og viðmiðum í kennslu tungumála sem Evrópuráðið hefur sett fram meðal annars í Evrópskri tungumálamöppu. Nemendur hefja nám í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla og því er ekki hægt að setja sérstök aldurstengt viðmið. Í heildina sýna töflur þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir sem byrjandi í náminu, lengra kominn og lengst kominn (byrjandi – þrep 1 og 2, lengra kominn – þrep 3 og 4, lengst kominn – þrep 5 og 6). Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri.

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku sem annað mál fyrir yngsta stig

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

# Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

**Þrep I**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Íslensku stafirnir<br>- Skólaumhverfið<br>- Kynna nafn sitt og aldur<br>- Búseta og heimaland<br>- Tengsl innan fjölskyldunnar<br>- Almennar kurteisisvenjur<br>- Tölurnar frá 1-20 | - Íslenska stafrófið<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Leikum og lærum<br>- Lesum og skiljum<br>- Íslenska nýja málið mitt<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Kennsluefni af veraldarvefnum | Við lok 1 þreps getur nemandi:<br>- Þekkt alla íslensku stafina og getur stafað einföld orð<br>- Stafað nafnið sitt.<br>- Þekkt alla íslensku stafina og getur lesið og skrifað stuttar setningar.<br>- Skilið algeng orð og einfaldar setningar um sjálfan sig, fjölskyldu sína og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt.<br>- Geti notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fólki sem hann þekkir.<br>- Skilið einfaldar leiðbeiningar í kennslu og get farið eftir leiðbeiningum kennarans og athugasemdum<br>- Skilið einfaldar kveðjur og orðasambönd, t.d. gjörðu svo vel og þakka þér fyrir. | - Stafainnlögn<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndra | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

**Þrep 2**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Líkamspartar<br>- Matur<br>- Heimili<br>- Líðan<br>- Langanir<br>- 1.persóna<br>- Ætlanir<br>- Vilja<br>- Fjöldi og aldur fjölskyldumeðlima<br>- Búseta<br>- Tímahugtök | - Íslenska fyrir alla<br>- Lesum og skiljum<br>- Íslenska nýja málið mitt<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Gagnvirkt efni úr læsisstefnu skólans | Við lok 2 þreps getur nemandi:<br>- Notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá búsetu sinni og fjölskyldu.<br>- Skilið orð og einfaldar setningar um nánasta umhverfið sem tengist húsnæði og mat.<br>- Sagt frá líðan og löngunum.<br>- Notað algeng tímahugtök.<br>- Skilið og notað algeng orð og orðatiltæki um það sem hann þekkir vel, t.d. fjölskyldu, skóla, nánasta umhverfi.<br>- Skilið heiti á vikudögum og mánuðum. | - Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- samtöl<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur<br>- dagbók | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

**Þrep 3**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Matarvenjur<br>- Áhugamál<br>- Læsi<br>- Veður<br>- Staðsetning<br>- Atviksorð | - Efni frá Gígju Svavarsdóttur<br>- Lesum og skiljum<br>- Íslenska nýja málið mitt<br>- Léttlestarbækur Námsgagnastofnunnar<br>- Kæra dagbók I<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara | Við lok 3 þreps getur nemandi:<br>- Skilið algeng orð og einfaldar setningar um sjálfa(n) sig, og nánasta umhverfi þegar fólk talar hægt og skýrt.<br>- Skilið aðalatriðin í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum.<br>- Notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá áhugamálum og matarvenjum.<br>- Spurt og svarað einföldum spurningum t.d. Hvað finnst þér gaman að gera? Hvað finnst þér gott að borða/drekka?<br>- Sagt til um veðrið.<br>- Skilið og getur notað atviksorð | - Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- samtöl<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Þrep 4

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Veður<br>- Löngun, vilji og ætlun í 1.persónu<br>- Nærumhverfi<br>- Tilfinningar<br>- Daglegar venjur<br>- Nútíð | Efni frá Gigju Svavarsdóttur<br>- Lesum og skiljum<br>- Íslenska nýja málið mitt<br>- Léttlestarbækur Námsgagnastofnunnar<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Veraldarvefurinn | Við lok 4 þreps getur nemandi:<br>- Sagt og spurt hvernig er veðrið í dag;<br>- Notað einföld orðasambönd og setningar til þess að segja frá löngum, vilja og ætlun í 1 persónu: Mig langar að fara í/á....; Ég vil fara í/á... Ég ætla að fara í/á........<br>- Skilið aðal atriði venjulegs talmáls um efni sem hann þekkir og tengjast skóla, frístundum o.þ.h.<br>- Sagt hvernig honum líður í dag í nokkrum setningum t.d. Mér líður vel í dag. Ég er glaður/glöð.<br>- Sagt frá venjulegum degi | - Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- samtöl<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur<br>- Dagbók | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Þrep 5

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Útlit<br>- Daglegar venjur<br>- Rökstuðningur | - Tungumalatorg.is<br>- Léttlestarbækur Námsgagnastofnunnar<br>- Kæra dagbók 2– bók, verkefni og hlustunarefni<br>- Leikir á á vef Námsgagnastofn.<br>- Orðaskyggnir<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Veraldarvefurinn<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara | Við lok 5. þreps getur nemandi:<br>- Lýst sjálfum sér og öðrum.<br>- Lýst venjulegum degi í stuttu máli t.d. ég vaknaði kl.7 og borðaði morgunmat.(notað þátíð sagna)<br>- Sagt frá hvað hann gerði um helgina eða frítíma sínum í stuttu máli.<br>- Svarað spurningunni: Af hverju... Hvers vegna....; Hvernig...; | - Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samtöl<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur<br>- Dagbók | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

**Þrep 6**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Áhugamál<br>- Daglegar venjur<br>- Leiðrétta sjálfan sig<br>- Persónulýsingar<br>- Lýsingarorð og nafnorð saman | - Lesum og skiljum<br>- Tungumalatorg.is<br>- Léttlestarbækur Námsgagnastofnunnar<br>- Kæra dagbók<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Veraldarvefurinn | Við lok 6 þreps getur nemandi:<br>- Sagt frá sér og fjölskyldu sinni og einnig hvað hann hefur áhuga á án þess að leita að orðunum.<br>- Skilið í grófum dráttum aðalatriði í mörgum útvarps og sjónvarpsþáttum og einnig í teiknimyndum .<br>- Spurt og svarað einföldum, algengum spurningum og spurningum um kunnug málefni.<br>- Sagt frá hvernig vikan eða dagurinn var.<br>- Tekið þátt í samræðum.<br>- Sagt sögu eða sagt frá söguþræði í bók eða kvikmynd og (lýst viðbrögðum sínum).<br>- Farið til baka í ummælum og umorðað setninguna ef hann lendi í vandræðum. | - Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samtöl<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur<br>- Dagbók | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

**Þrep 1, 2, 3, 4, 5, og 6**

**Sjá viðmið um námsmarkmið í læsisstefnu skólans.**

# Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

**Þrep 1**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift | - Ljósrituð hefti<br>- Skrift 1 | Nemandi á 1.þrepi geti:<br>- Dregið rétt til stafs og skrifað alla stafina í stafrófinu<br>- Samið stutta texta frá eigin brjósti.<br>- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,<br>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með eigin upplestri eða annarra. | - Stafainnlögn<br>- Leika sér með stafina<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Leikir<br>- Föndur | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

**Þrep 2**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun frá eigin brjósti | - Ljósrituð hefti<br>- Skrift II<br>- Dagbók | Nemandi á 2.þrepi geti:<br>- samið stutta texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn,( ljóð eða skilaboð).<br>- Skrifað stuttan texta út frá daglegum athöfnum<br>- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með eigin upplestri eða annarra. | - Dagbók<br>- Dagbókarskrif<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

**Þrep 3**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun frá eigin brjósti | - Ljósrituð hefti<br>- Skrift II<br>- Dagbók | Nemandi á 3.þrepi geti:<br>- Samið stutt, einfalt póstkort, t.d. sent stuttar kveðjur úr leyfi.<br>- Fyllt út t.d. eyðublöð með persónulegum upplýsingum eins og nafni, þjóðerni og heimilisfangi. | - Dagbókarskrif<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Samvera<br>- Leikir<br>- Föndur | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

**Þrep 1**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Málfræði ekki kennd sér heldur samofin viðfangsefninu í lestri, töluðu máli og hlustun | - Ljósrituð hefti<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Veraldarvefurin | Nemandi á 1.þrepi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af einhverju leyti og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og setningar.<br>- þekkt stóran og lítinn staf.<br>- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki. | - Dagbókarskrif<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Samvera<br>- Leikir | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Þrep 2

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Málfræði ekki kennd sér heldur samofin viðfangsefninu í lestri, töluðu máli og hlustun | - Ljósrituð hefti<br>- Dagbók<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Veraldarvefurin | Nemandi á 2.þrepi geti:<br>- Skrifað stuttar setningar.<br>- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og setningu.<br>- Þekkt stafrófið.<br>- Þekkt nafnorð.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta. | - Dagbókarskrif<br>- Námsspil<br>- Orðaleit<br>- Samvera<br>- Leikir | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Þrep 3

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Málfræði ekki kennd ein og sér heldur samofin viðfangsefninu í lestri, töluðu máli og hlustun<br>- Nafnorð - tala og kyn, sagnorð, lýsingarorð, persónufornöfn og eingarfornöfn o.fl. – kennd í tilbúnum formum og frösum<br>- - Ég ætla að…<br>- Mér finnst gaman/leiðinlegt…<br>- Mig langar…<br>- Mér líður…<br>- Ég er búin… | - Ljósrituð hefti<br>- Dagbók<br>- Krakkasíður á vef Námsgagnastofnunnar<br>- Námsspil<br>- Ljósritað efni frá kennara<br>- Gagnvirkt námsefni<br>- Ýmislegt ljósritað efni frá kennara,<br>- Veraldarvefurinn | Nemandi á 3.þrepi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af einhverju leyti og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.<br>- Þekkt nafnorð og getur notað nafnorð í þolfalli.<br>- Þekkt sagnorð og getur notað þau í þátíð.<br>- Þekkt persónufornöfn og notað þau.<br>- Þekkt eingnarfornöfn  og getur notað þau rétt t.d. mamma mín, pabbi minn.<br>- Þekkt lýsingarorð og notað þau rétt. | - Dagbók,<br>- Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknaskrift<br>- Orð af orði<br>- Stafrófsvinna | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# Nám í Alþjóðavera á mið- og elsta stigi

Miðað er við að nemendur séu 15-20 kennslustundir á viku í Alþjóðaveri, aðra tíma svo sem íþróttir, sund, allar verkgreinar og stærðfræði (ef það kemur í ljós að viðkomandi hefur góð tök á greininni) sækja þeir með bekknum.

Dvöl nemenda í Alþjóðaveri fer eftir því hvar þeir eru staddir. Markmið deildarinnar er að unnin sé einstaklingsáætlun fyrir alla nemendur sem stunda nám í deildinni. Gengið er út frá námslegri getu og færni hvers og eins ásamt menningarlegum bakgrunni sem hefur einnig að segja um færni og getu nemandans til að takast á við nýja málið sem er oft og tíðum erfitt í byrjun sérstaklega ef nemendur eru ekki læsir á móðurmálinu. Símat er í gangi þar sem staða er tekin jöfnum höndum og gerð ný áætlun ef þurfa þykir.

Eftir því sem nemandanum fer fram í málinum fara þeir inn í vissa tíma í umsjónarbekknum allt í samráði við bekkjarkennarann og viðkomandi kennara í Alþjóðanámsveri. Kennslan í Alþjóðaveri miðast að því að smátt og smátt fara því nemendurnir meira og meira inní bekkinn en þó er lögð áhersla á íslensku kennslu sem kennd er út frá íslensku sem öðru máli. Sú kennsla er oft með brúarsmiðina að leiðarljósi þar sem íslenskan er oft skýrð nánar á móðurmáli nemandans ef kennari hefur tök á því. Þessi þáttur er mjög mikilvægur og mikilvægt að hann sé rétt skilinn þar sem bakgrunnur til málanáms er mjög mismikill og getan einnig. Nemendur eru oft komir í alla tíma með bekknum nema í 7 - 10 tíma í íslenskunámi.

Deildarstjóri Alþjóðanámsvers og kennarar deildarinnar fylgjast með framförum nemenda og ákveða með hliðsjón af mati og í samráði við foreldra /umsjónarkennara hvenær námi í Alþjóðanámsveri lýkur.

**Helstu kennsluaðferðir og leiðir í kennslunni.**

Fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skal beitt við kennslu í íslensku sem öðru máli. Með því er sem best komið til móts við fjölbreyttan nemendahóp færni þeirra og getu. Til dæmis má nefna einstaklings- og paravinnu, leiki, hópvinnu, vettvangsferðir, i pad notkun, vendikennslu o.fl.

**Námsmat og námsmatsaðlögun:**

Kennarar meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang og aðferðir við matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu eins og lagt hefur verið upp með í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda. Námsmat getur t.d. byggst á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra (verkefnamöppu)
- frammistöðu í kennslustundum og árangri á hlutaprófum

- munnlegum verkefnum jafnt út frá íslenskunni og móðurmáli
- skriflegu lokaprófi þar sem við á
- dagbókarskrifum
- frammistöðumati
- sjálfsmati

Tvítyngdir nemendur og námsmat í öllum námsgreinum:

- Nota á fjölbreytt námsmat til að koma á móts við getu hvers nemanda
- Eðlilegt er að nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu fái lengri tíma til að leysa prófverkefni
- Stundum er nauðsynlegt að leyfa notkun orðabóka eða orðalista í prófum
- Gera skal skýran greinarmun á kunnáttu í íslensku og kunnáttu í námsgreinum og gæti því þurft að laga prófspurningar og leiðbeiningar að íslenskukunnáttu nemenda eða skýra þær sérstaklega í prófum, jafnvel myndrænt
- Stundum er nauðsynlegt að nemandinn fái aðstoð við lestur á spurningum
- Gott er að leyfa nemendum að taka munnlegt próf, ef við á má nota móðurmálið til að koma þekkingu og færni á framfæri

**Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál**

Viðmiðin eru sett fram í töflum og hafa verið byggð m.a. á þrepum og viðmiðum í kennslu tungumála sem Evrópuráðið hefur sett fram meðal annars í Evrópskri tungumálamöppu. Nemendur hefja nám í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskóla og því er ekki hægt að setja sérstök aldurstengt viðmið. Í heildina sýna töflur þá hæfni sem hver einstaklingur skal búa yfir sem byrjandi í náminu, lengra kominn og lengst kominn (byrjandi – þrep 1 og 2, lengra kominn – þrep 3 og 4, lengst kominn – þrep 5 og 6). Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri.

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Einnig þarf að hafa í huga reynslu nemenda, menningarlegan bakgrunn og stöðu í námi.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku sem annað mál fyrir mið- og elsta stig

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

## Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun. Hafa ber í huga að hæfniviðmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi þar sem nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi.

**Þrep 1**

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
